

Nd. **290. Frumvarp til laga** [121. mál]
um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Flm.: Einar Sigurðsson.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: Á Hvalbak ljósviti — hljóðviti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umhverfis Hvalbak eru aflasæl og fjölsótt fiskimið. Einnig er skerið á siglingaleið annarra skipa en fiskiskipa. Það ber því brýna nauðsyn til að reisa vita á skerinu til öryggis. Einnig er nauðsynlegt að hafa þar hljóðvita vegna hinna tíðu þokuveðra fyrir Austfjörðum.

Hvalbakur mun vera nokkru hærri yfir sjó en Faxasker við Vestmannaeyjar og mun stærri um sig. Mun sjór ganga yfir skerið í aftökum. Reynslan hefur sýnt, að tók eru á að byggja vitahús, sem standa af sér sjóganginn. Meðan enginn viti er á skerinu, verður siglingaleið í námunda við það ætíð hættuleg. Það ber því að leggja mikla áherzlu á að reisa þar vita.

Það eru nú orðin um 80 ár síðan fyrst var byggður viti á Íslandi. Miklar framfarir hafa orðið í þeim málum, og er nú hægt að hafa vita á stöðum, þar sem ófært var talið áður. Má sem dæmi nefna vitann á Þrídröngum við Vestmannaeyjar, sem orðið hefur að miklu liði að dómi sjómanna. Líkt yrði með vita á Hvalbak. Hann yrði að ómetanlegu gagni.

Í framsögu mun verða gerð nánari grein fyrir máli þessu.